

ÍS 47 ehf.
Fagraholti 3
400 Ísafjörður

Reykjavík, 11. september 2020
UST202007-118/H.R.A.
08.03

Efni: Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 20. ágúst sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna ÍS 47 ehf vegna vanskila á grænu bókhaldi fyrir árið 2019, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Umhverfisstofnun veitti rekstraraðila frest til 3. september sl. til þess að skila framangreindum upplýsingum fyrir árið 2019 eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Umbeðnar upplýsingar hafa ekki borist stofnuninni.

Umhverfisstofnun veitir ÍS 47 ehf hér með áminningu og krefst úrbóta sbr. 1. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 851/2002, sbr. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem rekstraraðili hefur ekki skilað grænu bókhaldi fyrir árið 2019. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til og með 25. september nk. til að senda inn til stofnunarinnar grænu bókhaldi fyrir árið 2019 svo ekki þurfi að koma til frekari eftirfylgni .

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 851/2002. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.


Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 15.378 kr.**


Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Helgu Rut Arnarsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á helga.arnarsdottir@ust.is.

Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri



Helga Rut Arnarsdóttir
lögfræðingur